

# Barbara H Roberts á Íslandi

Þriðjudaginn 18. júní kl. 20:00 mun Barbara H Roberts flytja fyrirlestur á Hótel Hilton Reykjavík Nordica.



Fyrirlesturinn ber heitið: “How To Keep From Breaking Your Heart: What Every Woman Needs to Know About Cardiovascular Disease”.

Barbara H Roberts fæddist í New York árið 1944. Hún nam hjartalækningar við Yale University, New Haven og Harvard University í Boston. Frá árinu 2002 hefur hún veitt forstöðu sérstakri deild á Miriam Hospital, Rhode Island sem helgar sig **forvörnum, greiningu og meðferð hjartasjúkdóma meðal kvenna.**

Barbara H Roberts hefur skrifað tvær bækur um hjarta- og æðasjúkdóma ætlaðar almenningi. Hún er mikil áhugamaður um forvarnir og hefur lagt áherslu á að lykilinn að því að forðast hjarta- og æðasjúkdóma sé að finna í heilbrigðum lífsstíl og réttu mataræði. Efni fyrirlestrarins snýst að miklu leyti um hvað einstaklingurinn sjálfur getur lagt að mörkum til að fyrirbyggja hjarta- og æðasjúkdóma, sem eru algengasta dánarorsök kvenna og karla.

Það er Íslendingum mikill fengur að fá Barböru hingað til lands. Þó áherslan sé á konur er fyrirlestur hennar öllum opinn og aðgangur er ókeypis. Koma hennar er styrkt af GoRed á Íslandi, Hjartamiðstöðinni, Icelandair og Icelandair Hotels.

Að GoRed á Íslandi standa samtökin Hjartaheill, Heilaheill og Hjartavernd.



Hjartamiðstöðin



HJARTAVERND

